


# EPLAKÖKUR

Fin eplakaka  
Sætt eplamauk úr 1 kg. af eplum,  
100 gr. smjör  
100 gr. sykur  
2 egg

Eplamaukið (má bragðbæta með vanillusyfri) er sett í eldfast fat og yfir það deigið: Smjör og sykur er hrært vel, eggjarauðurnar hrærðar saman við og síðast stífpeyttar eggjahviturnar.

Eplakakan er bökuð á rist í neðstu brún í ofninum við 225 gráðu hita í 35 mínútur. Gott er að bera þeyttan rjóma með.



Eplaformkaka  
125 gr. smjör,  
125 gr. sykur,  
2 egg,  
200 gr. hveiti,  
tvær sléttfullar teskeiðar lyftiduft,  
3 epli (skræld og skorin niður)  
grófur sykur og hakkaðar möndlur.

Smjör sykur og egg eru þeytt saman. Hveitið ásamt lyftiduftinu er hrært varlega saman við með skeið og deigið er sett í eldfast mót. Yfir deigið eru eplin síðan sett, og yfir þau er síðan dreift grófum sykri og möndlum. Kakan er bökuð á neðstu hillu í ofni við 200 gráðu hita í 35-40 mín. Síðan má vera aðeins meiri hiti allt að 225 gráðum. Þessa köku má frysta og hún geymist allt að viku í lokuðum kökukassa. Í frysti geymist hún í 4 mánuði.

## Hafræplakökur

1 kg. epli, 75 gr. sykur  
Haframassi úr: 100 gr. smjör,  
100 gr. sykur, 100 gr. haframjöl.  
Tvö álform eru smurð vel og eplin skræld og skorin í báta, eru sett þar í. Sykurinn er svo settur yfir eplin. Smjóri, sykri og haframjöli er blandað saman í skál og mullið saman (ekki hnoðað), massanum er síðan dreift yfir eplin.

Eplakökurnar eru bakaðar á rist neðst í ofninum við 225 gráðu hita í 25-30 mínútur. Ef að haframassinn verður of dökkur má leggja álpappir laust yfir. Is eða þeyttur rjómi er svo borinn með kökunum. Þessar kökur má frysta.

## Óréttmætir viðskiptahættir og neytendavernd

■ Í nýjasta tölublaði „Verðkynningar frá Verðlagsstofnun“ (3.tbl. 1982) er greint frá einstökum málum, sem neytendamáladeild stofnunarinnar hafði afskipti af á s.l. ári, svo og afskiptum Verðlagsstofnunar af kærnum frá gosdrykkjaframleiðendum.

Neytendamáladeild Verðlagsstofnunar, sem tók til starfa fyrri hluta árs 1980, hafði á s.l. ári afskipti af samtals 46 málum. Þar af bárust tilvísanir til deildarinnar í 31 tilvikum frá ýmsum aðilum, en 15 sinnum hafði deildin sjálf frumkvæði. Efnislega skiptust þessi mál einkum í þrjú flokka, í fyrsta lagi kaupþætti, í öðru lagi getraunir og happdrætti og í þriðja lagi rangar upplýsingar um vöru og þjónustu.

Lögin um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti eiga að tryggja að fólk sé ekki ginnit til að kaupa vöru eða þjónustu á röngum forsendum, en

neytendur fá oft fremur ónákvæmar og skrumkenndar upplýsingar í auglýsingum og er í blaðinu sagt frá nokkrum slíkum dæmum. Enn fremur er grein frá dæmum um ólöglegan kaupþætti, ólöglega getraun og ólögleg happdrætti. Þá er birt í blaðinu greinargerð vegna hins svokallaða gosdrykkjamáls, er upp kom síðla sumars 1981. Ólgerð Egils Skallagrímssonar og Verksmiðjan Vífelfell kærðu þá Sanítasverksmiðjuna til samkeppnisnefndar fyrir brot á samkeppnisákvæðum verðlagslaganna og Sanítasverksmiðjan kærði hina fyrrnefndu fyrir brot á 27. gr. verðlagslaganna.

„Verðkynning frá Verðlagsstofnun“ liggur frammi endurgjaldslaut í skrifstofu Verðlagsstofnunar, Borgartúni 7, og hjá fulltrúum Verðlagsstofnunar úti á landi, fyrir þá, sem áhuga hafa á að kynna sér niðurstöðurnar.

(Fréttatilkynning).

## Hvaða fylgihlutir eru innifaldir í verði dráttarvélarinnar?

■ Í verðkynningu frá Verðlagsstofnun, sem sagt er frá hér annars staðar á síðunni er m.a. eftirfarandi: Í desember 1980 festi maður nokkur kaup á dráttarvél, sem kostaði 12.000.000 gkr. Samið var um að hann greiddi 7.000.000 gkr. Þegar kaupin voru ákveðin og afganginn við afhendingu dráttarvélarinnar, sem átti að verða í mars 1981.

Var honum tjáð, að verð dráttarvélarhússins mundi bæstast við verð dráttarvélarinnar.

Í desember var kaupandanum sýnd dráttarvél með þyngdarklossum að framanverðu og hann taldi því að þeir fylgdu með í kaupunum. Þegar afhendingin fór fram var honum sagt að greiða 556.200 gkr. fyrir dráttarvélarhúsið. Einnig fór seljandinn fram á að greiddar yrðu 400.000 gkr. fyrir klossana. Hann hélt því fram, að það væri ekki venja að klossar fylgdu með í dráttarvéla-

kaupum. Seljandinn bauð þó afslátt af klossunum, sem nam 50.000 gkr. en kaupandanum fannst hann eiga að fá meiri afslátt. Hjá ráðunaut Búnaðarfélags Íslands fengust þær upplýsingar að þyngdarklossar, dráttarkrókar og ljósabúnaður fylgja yfirleitt ekki með í dráttarvéla kaupum. Hins vegar mætti ekki selja dráttarvélar nema með veltuboga eða veltutryggðu húsi.

Það er eðlilegt að sá, sem er að kynna sér þá vöru, sem hann hefur í hyggju að festa kaup á telji að þau fyrirtæki, sem sýnd eru með vörnunni eða fest eru við hana fylgi með í kaupunum. Seljandanum var bent á að ekki mætti veita rangar eða villandi upplýsingar. Kaupandinn vildi þó ekki rifta kaupunum og var samið við seljandann um það að hann fengi klossana fyrir 200.000 gkr.

Seljandinn hét því, að í framtíðinni yrði viðskiptavinum gerð grein fyrir hvaða hlutir fylgdu með í kaupunum.



■ Þarna heldur Marti Michell á ákaflega skrautlegu teppi í mörgum litum. Tímamynd.: Anna.

# Elstu teppin eru frá 1850

■ Í dag verður opnuð á Kjarvalsstöðum bútasamsýning á vegum verslunarinnar Virku s.f. Verzlunin hefur fengið bandarískt safn antik bútasaumsteppa, sem er eitt það besta, sem til er í einkaeign. Teppin á sýningunni eru um 40 talsins og það elsta frá árinu 1854. Flest teppin eru langt yfir eitt hundrad ára gömul og frá ýmsum ríkjum Bandaríkjanna. Þau eru mjög fjölbreytileg, enda unnin úr badmullarefnum, sem tiltæk voru á hverju svæði eða þeim bútum, sem til féllu á hverju heimili.

A sýningunni verða einnig sýnd bútasaumsverk nokkurra nemenda Virku. Lítið vinnuhorn verður á staðnum, þar sem gestir geta tekið þátt í gerð badmullar myndaramma undir leiðsögn frú Marti Michell, en hún er eigandi bútasaumsafnsins. Einnig leiðbeinir kennari frá Virku, en efni verður hægt að fá á staðnum.

Skuggamyndavél verður í gangi á sýningunni með myndum af gömlum bútasaumssteppum, sem ekki rúmast á sýningunni.

Við opnun sýningarinnar mun frú Marti Michell segja frá bútasámi í Bandaríkjunum fyrr og nú. Hún er eigandi fyrirtækisins Yours Truly Inc., sem hún á ásamt manni sínum, en þar starfa um 150 manns. Það fyrirtæki mun nú vera hið stærsta sinnar tegundar í heiminum, en það framleiðir efni og áhöld fyrir bútasaum. Virka er með einkaumboð hér á landi fyrir það fyrirtæki.

Bútasaumur hefur undanfarið náð miklum vinsældum. Fólk er farið að leita til gamla tímans. Bútasaumurinn bandaríski hefur verið við lýði lengi og byrjaði vist þannig, að barnaföt voru oft saumuð upp úr fötum fullorðinna í gamla daga og þegar börnin voru búin að slita sínum fötum, þá voru heillegustu fletirnir klipptir út í búta, sem síðan var safnað til að búa til úr teppi, púða og ýmsa aðra hluti. Einnig voru allir bútar, sem gengu af við saumaskap notaðir. Síðar þegar auðveldara var að fá badmull varð

þetta meira tómstundagaman eða list og þá gjarnan notað til gjafa, þannig að oft urðu þetta eins konar erfðagripir.

Vinsældir bútasaums stafa m.a. af því að fólk líkar handverk, og hlutir verða persónulegri heldur en verksmiðjuframléiddir. Í bútasaum hefur fólk viljað vönduð og meðfærlig efni frá vidualkenndum framleiðendum vegna þeirrar miklu vinnu, sem fólk leggur oft í bútasauminn.

Bútasaumsýningin á Kjar-

valsstöðum verður opin daglega frá 14-22 til 21. mars.

A næstunni munu væntanlega verða stofnaðir bútasaumaklúbbar hér á landi og mun Marti Michell skýra frá starfsemi slíkra klúbba í Bandaríkjunum, en þar munu haldnar samkeppnir í bútasámi.

Listi fyrir áhugafólk um klúbbana liggur frammi í versluninni Virku og á Kjarvalsstöðum til 15. mars, en þá er fundurinn með Marti Michell fyrirhugaður.



Guðfinna Helgadóttir með teppi frá 1854. Í ljósa fleti á teppinu eru skráð nöfn þeirra, sem unnu teppið og er þarna um dýrmætan minjagrip að ræða. Tímamynd: Anna